

**Stjórn byggðasamlags UTU - 105. fundur
haldinn Þingborg, miðvikudaginn 14. febrúar 2024
og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Uppfærð fjárhagsáætlun

Lögð fram uppfærð fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 þar sem fjárhagsáætlun seyruverkefnisins sem samþykkt hefur verið af aðildarsveitarfélögunum er komin inn í áður samþykka áætlun UTU.

Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði um 321,6 millj. kr., þar af deili aðildarsveitarfélögin með sér framlögum samkvæmt samþykktum hlutföllum að upphæð 284,9 millj. kr. sem er mismunur á áætluðum rekstrarkostnaði og sértekjum embættisins. Á móti framlögum aðildarsveitarfélaganna til embættisins koma m.a. tekjur af byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum sem UTU innheimtir fyrir aðildarsveitarfélögin.

2. Gjaldskrá vegna móttöku og hreinsun á seyr

Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir móttöku og hreinsun á seyr, skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram í samstarfi við aðildarsveitarfélögin.

3. Samþykktir UTU

Endurskoða þarf samþykktir UTU.

Uppfæra þarf samþykktir UTU í samræmi við breytingar sem urðu um áramótin þegar seyruverkefnið kom undir UTU.

Skrifstofustjóra falið að vinna að uppfærslu á samþykktum í samstarfi við þjónustuaðila UTU.

Samþykkt

4. Hverabraut 6, leigusamningur

Lagður fram leigusamningur vegna Hverabrautar 6.

Fyrir liggur leigusamningur vegna Hverabrautar 6. Formanni stjórnar falið að skrifa undir leigusamninginn fyrir hönd UTU.

Samþykkt

5. Launagreining UTU

Lögð fram launagreining.

Lögð fram til kynningar launagreining UTU, sem framkvæmd var í samræmi við önnur byggðasamlög sem aðildarsveitarfélögin eru aðilar að. Formanni falið að vinna málið áfram í samvinnu við sveitarfélögin.

6. Seyra, eignir og innkaup

Umræður um seyruverkefnið, eignir og innkaup.

Einn starfsmaður kom til UTU um áramótin frá Hrunamannahreppi vegna seyruverkefnisins og yfirtók UTU áunnin réttindi hans. Yfir hreinsunartímann hafa verið 3 stöðugildi vegna hreinsunar, manna þarf þau stöðugildin fyrir sumarið. Endurskoða þarf samninginn við Grímsnes- og Grafningshrepp um bókhaldsþjónustu vegna aukins umfangs, skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt

7. Önnur mál

Önnur mál til umræðu og kynningar.

Samþykkt að loka facebooksíðu seyruverkefnisins. Haldið verður áfram með síðu verkefnisins seyra.is en verið er að vinna að því að tengja seyrusíðuna við síðu UTU. Umræður um útfærslu á lokun skrifstofu í sumar. Skipan trúnaðarmanns UTU lagt fram til kynningar.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Björn Kristinn Pálmarsson

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Aðalmaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson